



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/415
komudagur 5.12.197

Reykjavík 3. desember 1997.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, 209. mál.

Frumvarp þetta setur skorður við því að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fari umfram tiltekið hámark. Frumvarpið er afrakstur eins af þremur starfshópum sem sjávarútvegsráðherra skipaði í janúar síðastliðnum til að slá á óánægjuraddir í þjóðfélaginu með skipan sjávarútvegsfélanna.

Sjómannasamband Íslands sér ekki að frumvarpið þjóni nokkrum tilgangi eða leysi einhvern þann vanda sem óheftu framsali veiðiheimilda fylgir. Alla vega kemur frumvarpið ekki til með að leysa úr þeim vanda sem sjómenn standa frammi fyrir vegna kvótabraskis útgerðarmanna og ófullkomins verðmyndunarkerfis á sjávarfangi.

Sjómannasamband Íslands hafnar því frumvarpinu þar sem ekki verður séð að það hafi nokkurn tilgang eða sé til þess fallið að minnka ágreining um framkvæmd ýmissa atriða í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson